



ICELANDIC  
GROUP

ÁRSSKÝRSLA 2004 / ANNUAL REPORT 2004

#### Icelandic Group PLC

Employees: 2700  
Stock: ISK 1.551.384.085  
Number of shareholders: 254

#### The ten largest shareholders 1st of March 2005 were:

1. Burdaras hf.	29,0%
2. Landsbanki hf.	28,2%
3. Straumur Fjarfestingarbanki hf.	16,7%
4. Icelandic Group Plc.	6,4%
5. Fjarfestingarfelagid Grettir hf.	5,9%
6. Den Danske Bank A/S	2,1%
7. Landsbankinn Luxembourg S.A.	1,7%
8. Gunnar Svavarsson	1,6%
9. Sameinadi lifeyrissjodurinn	1,4%
10. Landssjodur hf.	0,8%

#### Board, from March 12, 2004:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Chairman  
Baldur Örn Guðnason  
Eiríkur Jóhannsson  
Guðmundur Kristjánsson  
Þórður Már Jóhannesson

#### Management:

Icelandic Group:	Gunnar Svavarsson, President/CEO Árni Geir Pálsson, V.P. Corporate Development Bogi Nils Bogason, CFO
Icelandic USA:	Magnús Gústafsson, CEO
Coldwater Seafood (UK):	Agnar Friðriksson, CEO
Icelandic UK:	Magní Þór Geirsson, MD
Seachill:	Mike Walker, MD
Icelandic Germany:	Sturlaugur Daðason, MD
Icelandic France:	Magnús Sch. Thorsteinsson, MD
Icelandic Iberica:	Hjörleifur Ásgeirsson, MD
Icelandic Norway:	Jón Garðar Helgason, MD
Icelandic Japan/ Marinus:	Jón Magnús Kristjánsson, MD
Icelandic China:	Hans Bragi Bernhardsson, MD
Icelandic Services:	Kristján Hjaltason, MD
Icelandic Logistics:	Valdimar Óskarsson, MD

#### Financial Calendar 2005

- Interim results for the year 2005 will be published on the following dates:
  - Q-1 May 6th 2005
  - Q-2 August 5th 2005
  - Q-3 November 4th 2005
- The Financial Statements for the year 2005 will be published on February 17th 2006.

#### Market price of shares in Icelandic Group



#### Principal banks of the Icelandic Group

##### Iceland

Landsbanki Íslands  
Íslandsbanki

##### USA

Rabobank International  
Bank of America  
Peoples Bank  
Brown Brothers Harriman & Co.  
Israel Discount Bank

##### UK

Yorkshire Bank  
Íslandsbanki

##### Spain

Banco Atlántico  
BBVA  
La Caixa

##### Germany

Vereins- und Westbank  
Danske bank

##### France

Société Générale  
Fortis Bank

---

Markið sett á vöxt	3
Árið 2004	5
Starfsemi og fjárfestingar í Bretlandi	9
Norður Ameríka	13
Meginland Evrópu	14
Asía	17
Önnur starfsemi	19
Ársreikningur 2004	20
Skýrsla stjórnar og forstjóra	21
Áritun endurskoðenda	22
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24
Yfirlit um sjóðstreymi	26
Skýringar	27



# Markið sett á vöxt

Síðustu árin hafa átt sér stað verulegar breytingar á rekstri SH. Félagið er ekki lengur Umsýsluáðili með sölu afurða félagsmanna sinna eins og áður var. SH eða Icelandic Group eins og félagið nefnist á ensku er samstæða sjálfstæðra dótturfélaga sem starfa á eigin forsendum á hverjum markaði með arðsemismarkmið að leiðarljósi og kaupa vörur víða að í samræmi við þarfir sínar. Ísland er enn langmikilvægasta upprunalandið en innkaup frá öðrum löndum fara vaxandi.

Félagið, sem áður einblíndi á frosinn fisk, hefur breytt áherslum sínum hvað vörur varðar. Um þessar mundir er hlutfall frysts fiskis komið niður í 60%, rækja og aðrar skelfiskafurðir nema um 19% og kældur og ferskur fiskur 21%.

Það hefur verið stefna SH að breikka vöruvalið á mörkuðunum og verða með því móti öflugri þjónustuaðili gagnvart kaupendum í smásölu og á veitingamarkaði. Fjárfestingar á árunum 2003-2005 í Ocean to Ocean í Bandaríkjunum, Barogel og Comigro Geneco í Frakklandi eru einmitt til komnar með þetta í huga.

SH hefur sett markið á vöxt á þeim mörkuðum sem félagið starfar. Eins og að ofan greinir getur það gerst með breiðara vöruvali en einnig hefur SH lagt áherslu á að vaxa í kældu sjávarfangi í Bretlandi þar sem smásölumarkaðurinn er mjög þróaður fyrir slíkar vörur. Fyrstu skrefin voru stigin árið 2002 þegar Coldwater Seafood keypti verksmiðju fyrir kælda, tilbúna rétti og aðrar þægindavöru í Redditch. Árið 2004 var viðburðarríkt ár fyrir SH samstæðuna í Bretlandi. Í júlí voru fest kaup á Seachill í Grimsby fyrir alls um 46 milljónir punda. Fyrirtækið er ungt og framsækið, en það er sérhæft í framleiðslu á ferskum fiski fyrir Tesco sem er sú verslunarkeðja sem vaxið hefur hvað

hraðast. Annað skref var svo stigið í byrjun nóvember þegar fest voru kaup á sjávarvöru-eild Cavaghan & Gray í Grimsby og Aberdeen. Helsti viðskiptavinurinn er Marks & Spencer en einnig Waitrose smásölkeðjan. Þau kaup munu auka sölu samstæðunnar í Bretlandi um yfir 40 milljónir punda, aðallega í kældum vörum og eftir kaupin er hlutfall frystra vara verksmiðja SH í Bretlandi komið niður undir fjórðung.

Sala og afkoma síðasta árs jókst allverulega frá fyrra ári. Afkoman byggir nú mikið til á því að starfsemin í Bretlandi skili því sem til er ætlast. Næstu mánuðina verður unnið að endurskipulagningu starfseminnar í Grimsby með það að markmiði að fækka verksmiðjum úr þremur í tvær og búist við að árangur aðgerðanna skili sér að fullu síðari hluta ársins. Í áætlunum félagsins er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti sölu og hagnaðar á þessu ári og félagið mun áfram hafa augun opin fyrir tækifærum til vaxtar sem upp kunna að koma.

Á fyrstu dögum marsmánaðar á árinu 2005 undirrituðu stjórnir SH og Sjóvíkur samning um samruna félaganna undir nafni SH. Tilgangur samrunans er að sameina krafta félaganna á mörkuðum í Bandaríkjunum og Asíu. Þá skapast margvíslegir möguleikar til hagræðingar við framleiðslu og sölu sjávarafurða á þessum mörkuðum. Gert er ráð fyrir að samruni félaganna verði formlega staðfestur um miðjan maímánuð. Með þessu er stigið enn eitt skrefið í átt til frekari sóknar SH á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir.

*Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson,*  
stjórnarformaður





## Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar námu um 70,0 milljörðum sem er um 19% aukning frá fyrra ári og um 21% þegar tekið hefur verið tillit til styrkingar íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum. Veltan í Bretlandi og Bandaríkjunum var um 32% af heildarveltu samstæðunnar, í hvoru landi. Á meginlandi Evrópu var veltan um 20% og um 14% í Asíu. Innri vöxtur á árinu var mestur í Asíu eða um 13%, 9% í Bandaríkjunum og 3% í Bretlandi. Á meginlandi Evrópu var samdráttur þar sem sala dótturfélagsins á Spáni minnkaði nokkuð. Auk innri vaxtar hefur SH vaxið á öllum markaðssvæðum nema Asíu með fjárfestingum í öðrum félögum.

Eftir fjárfestingar ársins 2004 er áætlað að frystur fiskur sé um 60% af heildarveltu SH á ársgrundvelli, kældar og ferskar afurðir nema 21% af veltunni og rækja og skelfiskur 19%. Eru það mikil umskipti á örfáum árum frá því að SH var nær eingöngu í frystum fiski.

### Velta markaðssvæða

	2004	2003	Vöxtur	Þar af ytri vöxtur	-innri vöxtur
Bandaríkin (USD)	319.470	243.206	31%	23%	9%
Bretland (GBP)	171.780	120.992	42%	39%	3%
Meginland Evrópu (EUR)	163.845	168.732	-3%	9%	-12%
Asía (JPY)	15.137.476	13.347.489	13%	0%	13%

(Fjárhæðir í þúsundum)



## Afkoma

EBITDA nam 2.5 milljörðum á árinu 2004 samanborið við 1,7 milljarða árið áður. EBITDA í hlutfalli af vörusölu hækkaði úr 2,8% í 3,6% sem skýrist helst af því að herra framlegðarstig er í framleiðslu á ferskum og kældum afurðum en frystum. Afskriftir hækkuðu talsvert milli ára vegna afskrifta á viðskiptavild og aukningar í varanlegum rekstrarfjármunum vegna fyrirtækjakaupa. Vaxtagjöld jukust einnig talsvert. Ástæður þess eru að fyrirtækjakaup ársins og kaup á eigin hlutabréfum voru fjármögguð með lánsfé auk þess sem vaxtastig hækkaði almennt á árinu. Skatthlutfall í rekstrarreikningi var mun herra á árinu 2004 en 2003. Helsta ástæða þess er að niðurfærsla á viðskiptavild er ekki frádráttarbær í skattalegu tilliti og árið áður kom inn söluhagnaður án skattalegra áhrifa í rekstrarreikningi.

Þegar á heildina er litið var rekstur SH nokkuð í takt við áætlanir en hagnaður ársins nam 709 milljónum samanborið við 500 milljónir árið áður. Hagnaður á hlut nam 0,49 kr. en var 0,33 kr. á árinu 2003.


Afkoma Icelandic USA var rétt undir áætlunum sem skýrist m.a. af veikingu dollars og mikillar hækunar innflutts hráefnis.

Afkoma Seachill Ltd. í Bretlandi var í samræmi við áætlanir sem lagðar voru til grundvallar við kaup á félaginu. Starfsemi Coldwater er annars vegar í Redditch í verksmiðju sem framleiðir kælda rétti og hins vegar í Grimsby þar sem megináherslan hefur verið á frystar afurðir. Afkoma Coldwater eininganna var í samræmi við áætlanir fyrri hluta ársins en olli vonbrigðum á síðari hluta þess. Ástæður þess voru m.a. minni sala og þrýstingur á verð. Einnig fór framleiðni og nýting versnandi þegar leið á árið. Á þeim þáttum hefur verið tekið og er gert ráð fyrir verulega bættum rekstri á árinu 2005, sérstaklega eftir að fjárfestingin í Cavaghan & Gray frá því í nóvember hefur verið samþætt fyrirbyggjandi rekstri.


Þrátt fyrir minnkandi umfang var afkoma félagsins á Spáni talsvert betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Markaðurinn í Frakklandi var erfiður á árinu og var afkoman þar lakari en búist var við. Óveruleg breyting varð á rekstri SH í Þýskalandi milli ára og var rekstrarárangur í samræmi við áætlanir.

Talsverð veltuaukning varð í Japan og var afkoman þar góð og umfram áætlanir.

Heildartekjur 2000-2004 í milljónum króna



EBITDA 2000-2004 í milljónum króna




## Sjóðstreymi


6

Veltufé frá rekstri nam 1,5 milljörðum en var 1,1 milljarður árið áður. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 197 milljónir Fjárfestingarhreyfingar námu 7,2 milljörðum og þar af voru 6,7 milljarðar vegna fyrirtækjakaupa. Í fjármögnunarhreyfingum kemur fram að fjárfestingarnar voru að langmestu leyti fjármagnaðar með lánsfé. Ný langtímalán námu 7,7 milljörðum og fjármögnunarhreyfingar í heild námu 8,0 milljörðum. Handbært fé í árslok nam 1,4 milljarði samanborið við 816 milljónir í ársbyrjun.

Hagnaður 2000-2004 í milljónum króna



Veltufé frá rekstri 2000-2004 í milljónum króna



## Efnahagur

Talsverðar breytingar urðu á efnahagsreikningi SH á árinu 2004. Heildareignir námu 35,2 milljörðum sem er um 33% aukning frá fyrra ári þrátt fyrir að eignarmyntir samstæðunnar hafi veikst að meðaltali um 8% gagnvart íslensku krónunni. Aukningin er að langmestu leyti til komin vegna fjárfestinga í öðrum félögum.

Fastafjármunir námu 11,9 milljörðum í árslok en voru 5,9 milljarðar í upphafi þess. Helsta breytingin er aukning viðskiptavildar að fjárhæð um 5,4 milljarðar sem tengist að mestu leyti fjárfestingunni í Seachill Ltd.

Þar sem félagið á ekki lengur fulltrúa í stjórnnum Fishery Product International Ltd. og Scandsea AB var hætt að færa eignarhlutina samkvæmt hlutdeildaraðferð frá og með 1. apríl. Þess í stað er eignarhlutur í Fishery Product International Ltd. færður á markaðsverði í árslok 2004, en eignarhlutur í Scandsea AB á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Færsla á Fishery Product International Ltd. í markaðsverð er færð beint á eigið fé í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla. Lækkun markaðsverðs FPI á árinu nam 339 milljónum.

Veltufjármunir jukust úr 20,6 milljörðum í 23,4 milljarða, þar af nam aukning birgða 1,5 milljarði.

Í október keypti félagið eigin bréf af SÍF hf. Í lok ársins voru óseld eigin bréf að nafnverði 99 milljónir og var kaupverð þeirra 934 milljónir. Vegna gengisstyrkingar krónunnar voru neikvæð gengisáhrif vegna erlendra dótturfélaga sem færð voru í gegnum eigið fé 553 milljónir og áður er getið lækkun markaðsverðs á FPI sem nam 339 millj kr. Á árinu keyptu lykilstjórnendur





## Horfur 2005

hlutabréf í félaginu fyrir um 349 milljónir á genginu 6,4. Af því tilefni var hlutafé félagsins hækkað um 55 milljónir. Aðrar breytingar á eigin fé voru hagnaður ársins og arður til hluthafa.

Í heild lækkaði eigið fé á árinu úr 4,3 milljörðum í 3,4 milljarða. Eiginfjárlutfall í árslok 2004 nam 10% og hafði lækkað úr 16% frá fyrra ári. Markmið stjórnenda er að eiginfjárlutfall sé að jafnaði um 16-20% og er við það miðað að eiginfjárlutfallið verði á því bili í lok árs 2005. Á hluthafafundi í desember 2004 fékk stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé um allt að einn milljarð króna. Gert er ráð fyrir að hluti heimildarinnar verði nýttur á fyrri hluta þessa árs en nákvæmar tímasetningar eða fjárhæðir liggja ekki fyrir.

Í árslok er ekki um hlutdeild minnihluta að ræða þar sem minnihlutaeigendur af 25% eignarhlut í Coldwater voru keyptir út.

Undir lok ársins var gengið frá langtímafjármögnunum vegna fyrirtækjakaupanna í Bretlandi. Um var að ræða 6,3 milljarða eða 53 milljónir sterlingspunda. Þannig jukust langtímaskuldir úr 2,9 milljörðum í 9,0 milljarða á árinu. Skammtímaskuldir námu 22,6 milljörðum og heildarskuldir 31,9 milljarði en voru 21,8 milljarðar árið áður.

### Markaðsverð hlutabréfa


Á árinu hækkaði markaðsverð hlutabréfa félagsins um 50% eða úr 5,75 í 8,6. Heildarmarkaðsverð félagsins í árslok 2004 nam 12,5 milljörðum.

Í kjölfar fjárfestinga SH í Bretlandi á árinu 2004 er það orðið mikilvægasta markaðssvæði samstæðunnar. Á fyrri hluta ársins 2005 verður unnið að því að hagræða í rekstrinum í Bretlandi meðal annars með því að sameina rekstur Cavaghan & Gray í Grimsby við Coldwater. Í áætlunum SH fyrir árið 2005 er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á öðrum markaðssvæðum samstæðunnar.


Félagið vinnur að innleiðingu alþjóðlegra reikningskilastaðla og mun árs hlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2005 uppfylla ákvæði staðlanna. Í samræmi við ákvæði staðlanna mun félagið hætta afskriftum á viðskiptavild og beita þess í stað virðisrýrnunarprófi. Afskriftin nam 108 millj. kr. á árinu 2004. Ekki er talið að breytingarnar hafi að öðru leyti veruleg áhrif á rekstur og efnahag samstæðunnar.

Samkvæmt rekstraráætlun 2005 er áætlað er að velta verði um 75-80 milljarðar króna, EBITDA verði um 3,3–3,5 milljarðar króna og gert er ráð fyrir að hagnaður ársins verði um 1,0 – 1,1 milljarðar króna.

Eiginfjárlutfall



Arðsemi eigin fjár





# Starfsemi og fjárfestingar í Bretlandi

## Frá frystum vörum yfir í kældar


Icelandic Group hóf starfsemi í Bretlandi árið 1955 þegar SH fjárfesti í keðju fisksteikingarbúða og hóf nokkrum árum síðar framleiðslu á fiski í smásölupakkningum. Fram til 2002 var starfsemin einkum tvíþætt: Framleiðsla á frystum fiskréttum í verksmiðju Coldwater Seafood (UK) Ltd. í Grimsby, fyrst og fremst fyrir smásölukeðjur, og sala á sjófrystum fiski og þá einkum til neyslu í „fish & chips“-búðum og veitingastöðum. Árleg velta var á bilinu 90-100 milljónir punda.

Undanfarin ár hafa einkennst af mikilli samþjöppun meðal framleiðenda og seljenda sjávarfangs. Fyrirtækjum hefur fækkað og þau stækkað sem segja má að sé eðlilegt framhald á sams konar þróun í smásölu og meðal dreifenda í veitingaþjónustu. Auknar kröfur eru gerðar til birgjanna um að þeir séu færir að taka að sér stór verkefni og útvega allar þær vörur sem þörf er á.

Coldwater Seafood var mörkuð sú stefna að verða eitt af leiðandi fyrirtækjum á breska matvælamarkaðnum fyrir sjávarfang og jafnframt að takmarka sig ekki einungis við frystar afurðir. Sem framleiðandi á frystum vörum undir merkjum smásölukeðja var fyrirtækið aðeins að vinna á mjög litlum hluta markaðsins fyrir sjávarfang, eða sem nam innan við fimmtungi markaðarins, en heildarvelta smásöluunnar í frystu og kældu sjávarfangi á útsöluverði er talin nema tæpum tveimur milljörðum sterlingspunda.

Einnig má nefna að markaður fyrir frystar vörur hefur nánast staðið í stað á meðan kældar vörur hafa verið í mikilli sókn. Á það bæði við um lítt unnar, forpakkðar vörur sem meira unnar þægindavörur. Sala breskra smásölukeðja á kældum afurðum nemur nú um helmingi allrar sölu þeirra á sjávarafurðum. Markaðsrannsóknir benda til að vöxtur kælda markaðsins verði áfram mikill, en að litill vöxtur verði í sölu frystra afurða. Mun minni vöruþróun á sér stað í frystu vörum, þrýstingur á verð er meiri og samkeppni kemur frá fjarlægari stöðum þar eð einfalt er að geyma þær og flytja yfir langan veg.


Coldwater Seafood – velta í milljónum GBP



## Fyrsta skrefið stigið 2002

Coldwater tók sín fyrstu skref til stækkunar með kaupum á framleiðslueiningu Fisher Foods í Redditch árið 2002. Verksmiðjan í Redditch framleiðir kælda, tilbúna rétti og aðrar þægindavörur úr sjávarfangi. Langmikilvægasti viðskiptavinurinn var og er reyndar enn Marks & Spencer, en hlutur annarra keðja hefur aukist allnokkuð. Veltan í Redditch fyrstu 12 mánuðina eftir kaupin nam tæpum GBP 20 milljónum en allt árið 2004 var hún 28 milljónir. Verksmiðjan í Redditch er sjálfstæð hagnaðareining innan Coldwater samstæðunnar. Reksturinn framan af síðasta ári gekk samkvæmt áætlunum en olli vonbrigðum síðari hluta ársins. Þar komu við sögu ytri ástæður svo sem minni eftirspurn eða sala og þrýstingur á verð, en einnig innri ástæður sem birtust í minni framleiðni og nýtingu sem rekja má til stjórnanarlegra þátta. Á þeim málum hefur verið tekið og gera áætlanir ráð fyrir hagnaði í ár. Hámarksafköst verksmiðjunnar ráðast af því hvaða vörur er verið að framleiða, en miðað við svipaða samsetningu og nú má gera ráð fyrir að þau liggja nálægt GBP 35 milljónum.

Seachill – velta í milljónum GBP



## Seachill

Í júlí sl. gekk SH frá kaupum á 80% hlutfjár í breska matvælafyrirtækinu Seachill Ltd. sem er sérhæft í framleiðslu ferskra sjávarafurða og kom rekstur þess inn í SH samstæðuna frá 20. júlí. Kaupverð 80% hlutfjárins nam um 37 milljónum punda eða 4,9 milljörðum króna og er SH skuldbundið til að kaupa eftirstandandi hluti. Um áramótin var gengið frá langtímaláni vegna kaupanna. Seachill var skuldlaust við kaupin og nam eigið fé félagsins 8 milljónum punda. Við kaupin varð því til veruleg viðskiptavild og var hún afskrifuð hlutfallslega á árinu miðað við 20 ára afskriftartíma. Seachill hefur vaxið hratt á síðustu árum og skilað góðri rekstrarafkomu.

Kaupin á Seachill eru í samræmi við þá stefnu SH að auka hlutdeild félagsins í framleiðslu og sölu kældra og ferskra sjávarafurða. Seachill Ltd. var stofnað árið 1997 og hefur frá upphafi verið í eigu sömu aðila. Seachill kaupir meginhluta hráefnis síns frá Noregi, Íslandi og Bretlandseyjum, og þá aðallega lax, þorsk og ýsu, auk annarra tegunda sem keyptar eru viðs vegar að úr heiminum.

Vöxtur Seachill hefur verið ör frá upphafi. Á síðasta ári nam salan 90 milljónum punda og hafði þá aukist um 14% frá fyrra ári. Verksmiðja Seachill í Grimsby, sem er nýleg, er búin nýjustu framleiðslutækjum og uppfyllir ströngustu gæðakröfur matvælaíðnaðarins. Mikill vöxtur Seachill hefur byggst á nánú samstarfi við Tesco, stærstu smásölukeðju Bretlands, en félagið hefur séð Tesco fyrir fjölbreyttu úrvali sjávarafurða. Starfsmenn Seachill eru um 550 talsins.

Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á rekstri Seachill, en ljóst er að ýmis tækifæri felast í náinni samvinnu og samhæfingu Coldwater og Seachill. Saman mynda félögin öflugan einingu sem spannar yfir breitt svið í framleiðslu sjávarafurða.




## Cavaghan & Gray


Í byrjun nóvember keypti SH svo sjávarafurðadeild Cavaghan & Gray. Kaupverð var 12,6 milljónir punda eða 1.600 milljónir króna. Um var að ræða kaup á rekstri, fastafjármunum og hreinu veltufé, en engar vaxtaberandi skuldir fylgdu. Starfsstöðvar félagsins eru tvær, önnur í Grimsby þar sem framleiddar eru kældar, fullbúnar afurðir, en hin í Aberdeen og er sú eining í flakavinnslu á ýsu, þorski, laxi og flatfiski. Í Grimsby starfa um 240 manns en um 150 í Aberdeen.

Með kaupnum styrkir SH stöðu sína enn sem leiðandi aðili í framleiðslu á sjávarfangi fyrir breskan smásölumarkað. Velta samstæðunnar mun við kaupin aukast um meira en 40 milljónir punda. Á ársgrunni er gert ráð fyrir að heildarsala SH samstæðunnar í Bretlandi nemi um 260 milljónum punda. Þar af eru 90 milljónir vegna eldri starfsemi Coldwater að meðtaldri verksmiðjunni í Redditch, 90 milljónir hjá Seachill, yfir 40 milljónir vegna kaupanna á C&G og svipuð upphæð hjá dótturfélaginu Icelandic UK. Sé eingöngu litið til framleiðsluvara verksmiðjanna er veltan 220 milljónir punda og skiptist þannig að um 60 milljónir eða um 27% eru frystar vörur en 160 milljónir eða 73% ferskar eða kældar. Rekstur frystivöruframleiðslunnar hefur ekki gengið sem skyldi í langan tíma og raunar illa síðasta ár. Þess vegna hefur markvísst verið stefnt að því að auka framleiðslu kældra afurða, samnýta hana með frysta hlutanum og leggja af erfiðar, frystar afurðir.

Framleiðsla C&G á sviði sjávarafurða hefur að mestu leyti verið fyrir Marks & Spencer undir þeirra eigin merki, en smásölukeðjan hefur einnig verið stærsti viðskiptavinur Coldwater UK um árabíl. Það eru því tveir viðskiptavinir sem eru afgerandi stærstir: Smásölukeðjurnar Tesco og Marks & Spencer.

Vörurnar sem fylgja kaupunum á C&G eru svokallaðar kældar virðisaukavörur svo sem brauðaður fiskur, lax, flatfiskur, bökur og þægindavörur tilbúnar til eldunar eða hitunar. Þær falla mjög vel að núverandi vöruframboði annarra dótturfélaga SH í Bretlandi og þeim viðskiptavinum sem byggt hefur verið á. Framleiðsluaðferðir C&G eru um margt líkar þeim sem viðhafðar eru í verksmiðjum Coldwater í Grimsby og Redditch og er þess vænst að ná megi verulegri hagræðingu við samþættingu rekstrarins og þar með viðunandi arðsemi heildarfrjárfestingar SH í Bretlandi. Á fyrri hluta ársins verður unnið að því að sameina rekstur C&G í Grimsby við Coldwater, flytja framleiðsluna yfir í Coldwater verksmiðjuna og auka hagræði að öðru leyti. Fyrir utan dótturfélag Coldwater, Icelandic UK, er gert ráð fyrir þremur hagnaðareiningum í Bretlandi: Coldwater verksmiðjunum í Grimsby, Seachill (að meðtaldri starfsemi í Aberdeen) og Redditch. SH keypti 25% eignarhlut meðeigenda í Coldwater Serafood (UK) Ltd. nú um áramótin. Það verður því til muna auðveldara að samhæfa ýmsa rekstrarþætti allra hagnaðareininganna og auka með því arðsemina.





## Icelandic UK


Dótturfélag Coldwater, Icelandic UK, hefur sérhæft sig í innflutningi og sölu á sjófrystum flökum fyrir „fish & chips“ svo og rækju til samlokuframleiðenda og annarra aðila. Breski markaðurinn fyrir sjófryst flök einkenndist af verðhækkunum lengst af ársins. Útilitið er nokkuð gott en nokkur óvissa ríkir um úthlutun þorskvóta í Barentshafi. Þrýstingur á rækjuverð var stöðugur allt árið og ekki eru taldar miklar líkur á hækkandi verði á komandi mánuðum. Icelandic UK breikkaði á árinu nokkuð vöruval sitt og hóf til dæmis sölu á lausfrystum flökum og heitsjávarrækju. Reksturinn gekk vel á árinu. Salan jókst umtalsvert og nam tæpum 40 milljónum punda.

## Bandaríkin


Rekstur Icelandic USA Inc. í Bandaríkjunum er tvíþættur. Annars vegar framleiðslu- og söluvirkir sem aðallega selur flök og vörur frá fiskréttaverksmiðju fyrirtækisins í Cambridge, Maryland sem framleiðir þróaðar, frystar vörur. Mest áhersla hefur verið lögð á veitingamarkaðinn, en þar hefur vörumerki félagsins, ICELANDIC, mjög sterka stöðu. Hins vegar er skelfiskfyrirtækið Ocean to Ocean Seafood Sales (OTO) sem er með aðalstöðvar í Norfolk í Virginíufylki, og rekur söluskrifstofur víðs vegar um Bandaríkin og Kanada. OTO er sérhæft í skelfiskafurðum og vegur hlýsjávarrækja þar þyngst. Hjá IUSA störfuðu á síðasta ári að meðaltali um 800 manns.

Árið 2004 var að ýmsu leyti gott ár fyrir starfsemi Icelandic USA. Salan jókst bæði í hefðbundnum afurðum sem og í skelfiskafurðum. Aukninguna, sem var um 34%, má rekja til meiri áherslu á beina sölu til stórra viðskiptavina, þ.e. sölu sem ekki fer hina hefðbundnu leið í gegnum söluvirkir og dreifivirkir til veitingaþjónustu. Framboð af fiski, bæði ræktuðum og villtum var gott ef undan er skilið framboð af þorski og sjófrystri ýsu seinnihluta ársins. Mikil aukning var á sölu ýsu og til marks um það fimmfaldaði verksmiðjan í Cambridge framleiðslu sína á afurðum unnum úr ýsu. Vöruþróun var mikil og seldust ýmsar nýjar afurðir vel. Mikil umræða varð um kolvetnasnauðar (Low-Carb) vörur á árinu. Þessi bylgja hafði einnig haft áhrif á markað með fisk, skelfisk og rækju. Nýjar tegundir af kolvetnasnauðum brauð- og deighjúp voru kynntar hjá viðskiptavinum Icelandic USA. Markaðsátak fyrir kolvetnasnauðar vörur úr þorski, ýsu og rækju stóð yfir á seinni hluta ársins í veitingaþjónustu. Þessi bylgja hefur nú hjaðnað nokkuð. Þó er gert ráð fyrir áframhaldandi stöðugri sölu á þessum afurðum. Áframhald varð á þróun síðustu ára með aukinni sölu á hágæða vörum úr

Icelandic UK – velta í milljónum GBP



Icelandic USA – velta í milljónum USD




## Þýskaland

14

flökum og flakahlutum sem unnin eru í verksmiðju fyrirtækisins. Búist var við að innflutningstollar sem settir voru á helstu ríki sem flytja inn rækju um mitt árið myndu hafa neikvæð áhrif á reksturinn. Sem betur fer höfðu tollarnir ekki teljandi neikvæð áhrif. Þau lönd sem harðast urðu úti hófu sölu á afurðum til Evrópu en þá skapaðist tækifæri fyrir þau lönd sem fengu á sig litla sem enga tolla.

Icelandic Germany – velta í milljónum EUR



Afkomu starfsemi Icelandic USA batnaði frá fyrra ári. Í upphafi árs var afkoman mjög góð en seinnihluta ársins var afkoman óviðunandi, sem skapaðist aðallega vegna hækkana á hræfni og gengissigs dollars.

Í árslok tókst að leiðrétta verð á vörum fyrirtækisins til samræmis við þessar hækkanir, sem ætti að bæta afkomuna árið 2005. Þjartsýni bandarískra neytanda hefur verið að aukast og hefur ekki verið meiri síðan 11. september 2001 en hefur þó ekki náð því sem hún var fyrir hryðjuverkaárásina. Meginástæður aukinnar þjartsýni er minnkandi atvinnuleysi, aukinn hagvöxtur og gott efnahagsútlit. Búist er við frekari vexti á hefðbundinni starfsemi Icelandic USA og bættri afkomu á árinu.

Salan stóð í stað hjá Icelandic Germany á árinu og var rúmar 40 milljónir evra og var afkoman jákvæð. Árið einkenndist af verðlækkunum á afurðum sakir áframhaldandi efnahagslæðgar. Tegundir á borð við karfa, alaskaufsa, lax og ufsa lækkuðu um allt að 15% á árinu. Ódýrari fisktegundir hafa smátt og smátt tekið yfir stærstan hluta markaðarins. Dæmi þar um er alaskaufsi, sem er mikilvægasta tegundin á Þýskalandsmarkaði en hann er að stórum hluta er unninn í Kína.

Verulega hefur dregið úr vexti lágvöruverðsverslananna í Þýskalandi en þær sækja nú í auknum mæli inn á markaði í öðrum löndum. Væntingar eru að neytendur séu að verða tilbúnari að greiða meira fyrir aukin gæði. Lágvöruverðsverslanirnar hafa brugðist við með því að fjölga vörum undir eigin vörumerkjum, en hefðbundnar verslanakeður hafa fjölgað vörumerkjum í dýrari kantinum. Fréttir af vexti heimsendingarþjónustu styðja einnig þessar væntingar. Þar seljast hágæðavörur sem seldar eru með yfirbragði sérstakrar upplifunar, vel um þessar mundir.

Icelandic Germany hefur styrkt stöðu sína verulega á smásölumarkaði og því tekið nokkrum breytingum undanfarin ár. Áherslan skiptist nú þannig nokkuð að jöfnu milli smásölnunnar og heildsala og dreifenda í veitingaþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á þessu ári hvað markaðsaðstæður varðar. Söludeildin hefur verið eflað verulega og stefnt er að nokkurri aukningu á sölu í ár. Hjá Icelandic Germany í Hamborg er nú 21 starfsmaður.





Salan hjá Icelandic France nam tæpum 60 milljónum evra á árinu sem er þriðjungs aukning frá árinu áður. Bæði var um að ræða aukningu í hefðbundinni starfsemi, en einnig er um ytri vöxt að ræða vegna kaupa á Comigro Geneco og Barogel. Ytri aðstæður á borð við erfitt efnahagsástand, neikvæða gengisþróun og slakt ferðamannasumar hafa dregið úr eftirspurn á franska markaðnum. Í kjölfarið var þrýstingur á verð mjög mikill og ódýrari tegundir urðu mun sýnilegri á markaðnum. Þessar aðstæður ásamt samrunakostnaði sem til féll á árinu urðu til þess að afkoma fyrirtækisins varð nokkuð lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Kaupin á Comigro Geneco styrkja rekstur SH í Frakklandi. Comigro Geneco er fyrirtæki í París sem er sérhæft í vörum frá S-Afríku og S-Ameríku þar sem lýsingur er mikilvægasta tegundin. Rekstur fyrirtækisins hefur gengið vel mörg undanfarin ár. Það hefur sterka stöðu hjá fyrirtækjum í frystibúða- og heimsendingarþjónustu. Ásamt kaupunum var innkaupadeild fyrirtækisins styrkt verulega. Icelandic France hefur því sterka stöðu og getur boðið fjölbreytt vöruval. Starfsmenn eru alls 28, þar af 18 í París og 10 í Marseille.



Icelandic Iberica hefur um árabil lagt áherslu á veitingamarkaðinn á Spáni og í Portúgal þar sem fyrirtækið á stóran hóp viðskiptavina sem það þjónar sem alhliða birgi á frosnum sjáfarafurðum. Síðustu árin hefur aukin áhersla verið lögð á sölu á Ítalíumarkaði ásamt Grikklandi. Markaðsstarfið á Ítalíu hefur gengið vel og er nú svo komið að Ítalíumarkaður er annar mikilvægasti markaður fyrirtækisins á eftir Spánarmarkaði. Á árinu var sókn inn á smásölumarkaðinn á Spáni eflid og fjölbreytni í vöruvali hefur farið vaxandi.


Segja má að markaðirnir við Miðjarðarhafið hafi í heild verið í lægð á síðastliðnu ári. Árið 2004 var eitt versta ferðamannaár í Suður-Evrópu í mörg ár og neysla stóð í stað. Reyndist árið 2004 mörgum fyrirtækjum í ferðamannaíðnaði og matvæladreifingu í Suður-Evrópu erfitt.

Sala Icelandic Iberica á afurðum frá Íslandi gekk aftur á móti vel árinu og óx um sem nemur 25% í verðmætum. Ber þar helst að nefna þorskflök, karfaflök, ufsaflök og rækju. Sterk staða Icelandic vörumerkisins á markaðssvæði Icelandic Iberica átti þar drjúgan hlut að máli auk trausts samstarfs við lykilbirgja fyrirtækisins á Íslandi. Icelandic vörumerkið er á þessum mörkuðum samnefni fyrir einfrystan íslenskan þorsk og aðrar vörur þar sem háum gæðastöðlum er fylgt á öllum stigum framleiðslu, sölu og dreifingar afurðanna.


Í upphafi ársins var sölusamningnum afurða frá Suður-Ameríku sagt upp en þær höfðu numið um þriðjungi af heildarveltu fyrirtækisins. Til að bregðast við þessum breyttu aðstæðum jók Icelandic Iberica innkaup frá öðrum aðilum og lagði aukna áherslu á vöruþróun og nýjungar. Þessar aðgerðir heppnuðust vel og vógu að nokkru leyti upp á móti því veltutapi sem uppsögn sölusamningsins hafði í för með sér. Velta fyrirtækisins dróst saman um tæpan fjórðung milli ára og var 62 milljónir evra. Hagnaður stóð í stað milli ára sem teljast má góður árangur miðað við þær sviptingar sem urðu í rekstrinum.

Aðalstöðvar Icelandic Iberica eru í Barcelona, en starfsstöðvar er einnig að finna víðar á Spáni og Ítalíu. Starfsmenn Icelandic Iberica voru á síðastliðnu ári 32 og fjöldi virkra viðskiptavina var 620.

Icelandic France – velta í milljónum EUR



Icelandic Iberica – velta í milljónum EUR





## Japan


Eftir langvarandi efnahagskreppu í Japan var markaðurinn í sókn á árinu. Hefðbundnar vörur á borð við makríl og lax styrktu sig aftur í sessi á markaðnum eftir að hafa verið í lægð. Vegna mikilla sumarhita dró tímabundið verulega úr fiskisölu en markaðurinn tók aftur við sér þegar hitinn lækkaði í lok sumars. Vegna minna framboðs af úthafskarfa var markaðurinn mun stöðugri í ár en á undanförunum árum. Icelandic Japan hefur á mörgum árum tekist að byggja upp tryggan hóp viðskiptavina sem hefur kynnst fyrirtækinu, starfsmönnum og vinnubrögðum vel. Vörumerkið Icelandic er þekkt á markaðnum sem gæðamerki á íslensku vörunum.


Helstu fisktegundir úr Norður-Atlantshafinu sem seljast í Japan eru karfi, grálúða og loðnuafurðir en fyrirtækið hefur mjög sterka stöðu á japanska markaðnum í þeim afurðum. Árið 2004 var fyrirtækinu mjög hagstætt. Salan náði nýjum hæðum og fór yfir 15 milljarða yena sem er rúmlega 13% aukning frá fyrra ári og afkoman var góð. Helstu markaðir fyrir utan Japan eru Taiwan og Suður-Kórea, en auk þess hefur sala til Kína farið hratt vaxandi að undanförunu. Hjá fyrirtækinu starfa níu manns í Tokyo og fjöldi viðskiptavina er 142.

Marinus er innkaupa- og sölufyrirtæki á Íslandi sem starfar í nánum tengslum við starfsemina í Japan. Það kaupir afurðir utan Íslands en sér auk þess um innkaup og sölu ýmissa sérafurða frá Íslandi. Hjá því starfa þrjú starfsmenn og gekk rekstur vel á síðasta ári.

17

Icelandic Japan – velta í milljónum JPY






**SH hf. eða Icelandic Group Plc.** er eignarhalds-fyrirtæki samstæðunnar. Hlutverk þess er að móta starfsemi, stýra vexti samstæðunnar og hafa eftirlit með rekstri dótturfélaganna. Félagið sinnir einnig ýmsum sameiginlegum verkefnum og það hefur milligöngu um fjármögnun þegar þess er þörf. Fyrirtækið er skráð í Kauphöll Íslands. Hjá því starfa fjórir starfsmenn.

**SH Þjónusta** er sjálfstætt dótturfélag. Það starfar að miklu leyti í þágu erlendra systurfyrirtækja og framleiðenda. Helstu verkefni eru mótun og viðhald gæðagagna og -kerfa, úttektir á gæða- og framleiðsluferfum ásamt afurðaskoðunum og ýmsum samskiptum við framleiðendur. Þá er flutningsþjónusta á könnu þess þar sem séð er um skipulagningu flutninga frá framleiðendum til kaupenda, alla tollvinnslu og gerð vottorða við útflutning vöru. Í fjármáladeild er séð um bókhald og fjármál fyrir SH fyrirtæki á Íslandi og haldið utan um upplýsingakerfi fyrir samstæðuna. Fyrirtækið rekur Iceport, viðskipta- og aðfangagátt hópsins. SH þjónusta starfrækir einnig Icelandic umbúðir sem annast sölu á umbúðum og rekstrarvörum til framleiðenda á Íslandi og víðar. Hjá SH þjónustu starfa 29 manns á Íslandi og átta eru á vegum fyrirtækisins í Hollandi þar sem Icelandic Logistics er með aðsetur.

**Icelandic Norway** er fjögurra manna fyrirtæki í Þrándheimi. Hlutverk þess er fyrst og fremst innkaup á unnum afurðum og hráefni fyrir systurfyrirtæki og framleiðendur. Nokkrar sveiflur urðu í rekstrinum frá fyrra ári. Mikil aukning varð í innkaupum á sjó- og landfrystum flakaafurðum. Mikil eftirspurn var jafnframt eftir vörum sem fóru til framhaldsvinnslu í Kína. Innkaup á rækju brugðust að mestu og engin loðna var veidd í Noregi á árinu. Þrátt fyrir þessar sveiflur jókst velta fyrirtækisins um tæpan fimmtungu og var rekstur nálægt jafnvægi á síðasta ári.

**Icelandic China** í borginni Qingdao tók til starfa á fyrri hluta ársins. Fyrirtæki SH samstæðunnar hafa á undanförunum árum keypt afurðir af kínverskum fyrirtækjum og þau annast vinnslu afurða í verktöku. Með opnun skrifstofu á staðnum hefur SH styrkt stöðu sína í Kína, en verkefni Icelandic China verður að velja og semja við vinnslur, hafa eftirlit með þeim, sjá um gæðamál, innflutning á hráefni og útflutning á fullunnum vörum.

Icelandic Norway – velta í milljónum NOK



# Ársreikningur 2004

20



# Skýrsla stjórnar og forstjóra

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. er eignarhaldsfélag sem stýrir framleiðslu- og markaðsfyrirtækjum sem selja sjávarafurðir á alþjóðlegum mörkuðum. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. og dótturfélaga, sem voru 17 í árslok 2004. Ársreikningur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. fyrir árið 2004 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður.

Um miðjan júlí 2004 gekk dótturfélag Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf., IFP Holdings Ltd., frá kaupum á 80% hlut í Seachill Ltd. og er rekstur félagsins hluti af samstæðu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. frá þeim tíma. Seachill er sérhæft í framleiðslu kældra sjávarafurða og er verksmiðja félagsins í Grimsby.

Í byrjun nóvember 2004 gekk IFP Holdings Ltd. jafnframt frá kaupum á sjávarafurðaframleiðslu Cavaghan & Gray. Um er að ræða verksmiðjur í Grimsby og Aberdeen. Í lok ársins keypti IFP Holdings Ltd. 25% eignarhlut í Coldwater Seafood (UK) Ltd. og á þar með öll hlutabréf í félaginu. Í nóvember 2004 gekk Icelandic France S.A., dótturfélag Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. í Frakklandi, frá kaupum á Comigro Geneco S.A. í París.

Í lok október keypti félagið eigin bréf að nafnverði 347 millj. kr. á genginu 9,10 eða fyrir 3.170 millj. kr. af SÍF hf. Eignarhluturinn nam 22,34% af heildarhlutafé félagsins. Í lok ársins voru bréf að nafnverði 218 millj. kr. seld á genginu 9,10.

Þar sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. á ekki lengur fulltrúa í stjórnnum Fishery Product International Ltd. og Scandsea AB, er hætt að færa eignarhlutina samkvæmt hlutdeildaraðferð frá og með 1. apríl 2004. Þess í stað er eignarhlutur í Fishery Product International Ltd. færður á markaðsverði í árslok 2004, en eignarhlutur í Scandsea AB á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Færsla á Fishery Product International Ltd. í markaðsverði er færð beint á eigið fé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en í lok ársins hafa 339 millj. kr. verið færðar til lækkunar á eigin fé félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðunnar 709 millj. kr. Heildartekjur námu 70.076 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 35.225 millj. kr. Bókfært eigið fé nam 3.365 millj. kr. Eiginfjárlutfall var því 9,6%.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 254, en þeir voru 256 í upphafi ársins. Þrír hluthafar áttu meira en 10% af virku hlutafé. Þeir eru:

	Eignarhlutur
Burðarás hf., Reykjavík . . . . .	31,0%
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík . . . . .	30,5%
Straumur Fjárfestingarbanki hf., Reykjavík . . . . .	18,0%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 10% arður til hluthafa á árinu 2005 vegna rekstrarársins 2004, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfu hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Stjórn og forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2005

Stjórn:  
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson  
Baldur Guðnason  
Eiríkur S. Jóhannsson  
Guðmundur Kristjánsson  
Þórður Már Jóhannesson

Forstjóri:  
Gunnar Svavarsson

# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar og hluthafa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf.

22

